

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa efnahagsmála og fjármálamarkaðar
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2015
Tilv.: 1502027

Efni: Breytingar á greiðslukortamarkaði

Með þessu bréfi vill Samkeppniseftirlitið vekja athygli ráðuneytisins á ákvörðun nr. 8/2015 sem lýtur að sáttum sem Samkeppniseftirlitið gerði við Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankann, Borgun og Valitor í desember 2014 vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á samkeppnishömlum á greiðslukortamarkaði.

Fyrirgreindum sáttum er ætlað að leiða til mikilvægra breytinga á greiðslukortamarkaði. Megintilgangurinn með þeim er að stuðla að aukinni hagkvæmni í greiðslukortapjónustu með því að skapa grundvöll fyrir sterkara aðhald viðskiptavina, stuðla að samkeppnislegu jafnræði keppinauta á sviði færsluhirðingar og greiðslukortautgáfu, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum í starfsemi fjármálafyrirtækja á greiðslukortamarkaði, og að öðru leyti stuðla að virkari samkeppni á sviði kortautgáfu og færsluhirðingar.

Breytingarnar fela m.a. í sér að þann 1. maí sl. gengu í gildi háþörk milligjalda sem taka til viðskipta hjá íslenskum söluaðilum þegar greitt er með íslenskum VISA, Electron, MasterCard og Maestro neytendagreiðslukortum. Háþörkin eru 0,20% í tilviki debetskorta og 0,60% í tilviki kreditkorta. Háþörkin eiga við óháð því hvort greitt er á sölustað, með boðgreiðslum, gegnum internetið, með farsíma eða með öðrum snertilausum hætti. Háþörkin eru 0,20% í tilviki debetskorta og 0,60% í tilviki kreditkorta. Miðast þessi háþörk við virði hvernar færslu þannig að ekki er um meðaltal milligjalda að ræða.

Útgefendum er þannig óheimilt að taka við hærri milligjöldum nú eftir að ákvæðið hefur tekið gildi. Hefur milligjaldatöflum alþjóðlegra kortakerfa framangreindra korta verið breytt nýverið, til samræmis við sáttirnar. Hinar alþjóðlegu töflur gilda ef ekki er til staðar tvíhliða samningur milli kortauitgefanda og færsluhirðis.

Með innleiðingu háþörkanna er m.a. stuðlað að aðlögun að ákvæðum reglugerðar ESB um milligjöld (e. regulation on interchange fees for card-based payment transactions) sem búast má við að taki gildi hér á landi innan tíðar á grundvelli skuldbindinga Íslands skv. EES-samningnum.

Fjallað er um háværk milligjalda í kafla 8.2 (bls. 41-47) í ákvörðuninni og í skýringum við ákvæði sáttanna á bls. 51-52 og 59-61.

Þess má geta að meðan á sáttaviðræðum stóð við málsaðila fundaði Samkeppniseftirlitið með ýmsum hagsmunaaðilum og kynnti á þeim hugmyndir sínar um að innleiða háværk á milligjöld. M.a. var fundað með fulltrúa Fjármálaráðuneytisins og fulltrúum Seðlabankans. Samkeppniseftirlitið hefur ennfremur beint því til hagsmunasamtaka neytenda og söluaðila að stuðla að upplýstu aðhaldi við innleiðingu framangreindra breytinga.

Samkeppniseftirlitið vekur að lokum athygli á því að á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins hefur verið sett upp sérstök upplýsingasíða vegna málsins, þar sem nálgast má frekari upplýsingar um framangreindar breytingar.

Slóðin er: <http://www.samkeppni.is/samkeppnisreglur/greidslukortamarkadur/> .

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Ólafur F. Þorsteinsson